

Sveitarfélagið Bláskógabyggð
Reykholti
806 Selfossi

Garðabær, 23. júní 2025
202506-0060/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 - Laugarvatn - Nýtt iðnaðarsvæði vegna jarðhita Sveitarfélagið Bláskógabyggð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 vegna iðnaðarsvæðis vegna nýtingar á jarðhita á Laugarvatni.

Í greinargerð kemur fram að í breyttu deiliskipulagi verður afmörkuð lóð fyrir borholu jarðhita, heimiluð nýting hans og þeirra mannvirkja sem þarf til þess.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og bendir á að hverir njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og mikilvægt er að fjallað sé um hvort að vinnslan hafi á einhvern hátt áhrif á lífríki og náttúru.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur